
STARFSSKÝRSLA
2000-2001



Umsjón: Hrafn Magnússon
Hönnun og prentvinnsla: Prentsmiðjan Oddi hf
Hönnun kápu: Hvíta húsið
Ljósmyndir: Anna Fjóra Gísladóttir (bls. 4), Jóhannes Long (bls. 6), Gunnar Hannesson

EFNISYFIRLIT

	Bls.
Ávarp stjórnarformanns	4
Hlutverk Landssamtaka lífeyrissjóða	5
Stjórn og framkvæmdastjóri samtakanna	6
Aðalfundur Landssamtaka lífeyrissjóða	7
Fræðslufundur um Saxess	7
Fulltrúaráð LL	7
Námskeið um samskiptamál	7
Fræðslubæklingur um	
skiptingu ellilífeyrisréttinda milli hjóna	8
Starfsreglur fyrir stjórnir lífeyrissjóða	9
Reglur um endurgreiðslur iðgjalda til erlendra ríkisborgara	9
Reglur um meðferð	
heilsufarslegra upplýsinga hjá lífeyrissjóðum	10
Samkomulag um samskiptamál	10
Nýr samningur við Tryggingastofnun ríkisins	
um mat á orkutapi	11
Endurhæfingarmál	11
Erlent samstarf	11
Önnur verkefni	12
Umsagnir um frumvörp	13
Aðildarsjóðir Landssamtaka lífeyrissjóða	15
Ársreikningur	17



ÁVARP STJÓRNARFORMANNS



Árið 2000 var lífeyrissjóðunum mun óhagstæðara en árið 1999 og jókst hrein eign þeirra hæggar en um 20 ára skeið. Samkvæmt bráðabirgðatölum nam hrein eign lífeyrissjóðanna í heild 570 ma.kr. í árslok 2000 sem svarar til 84% af vergri þjóðarframleiðslu.

Í lok ársins áttu lífeyrissjóðir 168 ma. kr. í hlutabréfum og hlutabréfasjóðum, bæði innlendum og erlendum, eða sem

svarar tæpum 30% af hreinni eign sjóðanna. Óhagstæð þróun hlutabréfaverðs á árinu er án efa megin orsök lakari ávöxtunar sjóðanna á árinu 2000 en mörg undanfarin ár.

Erlend verðbréfaeign lífeyrissjóðanna var tæpir 127 ma.kr. í árslok 2000, samanborið við rúma 98 ma.kr. ári áður. Verulega hægði á vexti þessarar eignar, úr 97,5% á árinu 1999 í 29,3% árið 2000. Verðþróun ræður miklu um þessar breytingartölur.

Útlán til sjóðfélaga jukust mjög á árinu, um 12 ma.kr. eða sem svarar 26,9%, og stóðu í 56,4 ma.kr. í lok árs. Þarf að fara allt aftur til ársins 1985 til að finna meiri ársaukningu þeirra.

Í fjölmiðlum hefur því verið ranglega haldið fram að lífeyrissjóðirnir, með erlendum fjárfestingum sínum, beri höfuðábyrgð á veikingu íslensku krónunnar. Þessi fullyrðing stenst engan veginn. Lífeyrissjóðirnir hafa lítið fjárfest erlendis á þessu ári. Ýmis tíðindi í efnahagsmálum skýra veikingu krónunnar, s.s. mikill viðskiptahalli, samdráttur í veiðheimildum sem ákveðinn var fyrir þetta fiskveiðiár og sjómannaverkfall. Í sjálfu sér nægja þessir áhrifaþættir einir og sér til þess að stuðla að veikingu krónunnar. Það er því af og frá að lífeyrissjóðirnir beri ábyrgð á lækkun krónunnar. Veiking íslensku krónunnar er flóknara mál en svo að hægt sé að gera lífeyrissjóðina að blóraböggli enda á ferðinni ósanngjörn gagnrýni sem stenst enga skoðun.

Íslensku lífeyrissjóðirnir fengu heimildir til fjárfestinga erlendis á árinu 1994. Þrátt fyrir að hlutabréfaverð hafi lækkað á síðasta ári er ávöxtunin vel yfir vöxtum af innlendum ríkisskuldabréfum á viðmiðunarárnum 1994 til 2000, eða að meðaltali rúmlega 7% á ári.

Þær lækkanir sem átt hafa sér stað á erlendum mörkuðum undanfarin misseri virðast hins vegar haft þau áhrif að stofnanafjórðingar hafi farið sér hæggar við kaup á erlendum verðbréfum og bíði átekt. Gengislækkun íslensku krónunnar hefur líkast til einnig haft nokkur áhrif á viðhorf fjárfesta.

Með kjarasamningum ASÍ og VSÍ árið 1969 þar sem samið var um almenna aðild verkafólks að lífeyrissjóðunum, fjölgaði sjóðunum mjög mikið og var fjöldi þeirra þegar mest var um 100 talsins. Hin síðari ár hefur hins vegar lífeyrissjóðum fækkað verulega, einkum

með sameiningu, og eru nú um 55 starfandi lífeyrissjóðir í landinu.

Fækkun lífeyrissjóðanna má rekja til þess að menn hafa viljað stækka sjóðina, þannig að þeir væru betur í stakk búinir til að standa við lífeyrisskuldbindingar sínar í framtíðinni, en auk þess hefur verið litið til þess að lækka rekstrarkostnað sjóðanna með samruna þeirra.

Þróun síðustu ára hefur verið ör að þessu leyti til. Lífeyrissjóður verkafólks í Grindavík sameinaðist Lífeyrissjóði Suðurnesja í byrjun árs 2000, Lífeyrissjóður blaðamanna sameinaðist Lífeyrissjóði verzlunarmanna í ársbyrjun 2000 og Lífeyrissjóður starfsmanna Sjóváttryggingafélags Íslands h.f. sameinaðist Lífeyrissjóði verzlunarmanna 1. júlí á síðasta ári. Þá sameinaðist Lífeyrissjóður leigubíreiðastjóra Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda í ársbyrjun 2000.

Nýjasta sameiningin er svo fyrir norðan, þegar Lífeyrissjóður KEA og Lífeyrissjóður verkalyðsfélaga á Norðurlandi vestra sameinuðust Lífeyrissjóði Norðurlands nú um áramótin. Eftir þessar sameiningar eru lífeyrissjóðir innan Landssamtaka lífeyrissjóða með um 98,4% af heildareignum sjóðanna í landinu.

Sparnaður almennings hefur verið með minnsta móti hér á landi undanfarin ár. Stjórnvöld reyndu að spyrna á móti í ársbyrjun 1999 með því að aflétta tekjuskatti af 2% viðbótarframlagi til vörsluáðila lífeyrissparnaðar auk þess að heita 0,2% mótframlagi af hálfu ríkisins.

Árið 1999 spöruðu rúmlega 20% launþega með þessum hætti, samkvæmt upplýsingum skattfyrivalda, en það var lægra hlutfall en vonast hafði verið til.

Hvatinn jókst í fyrravor þegar samið var um að atvinnurekendur á almennum markaði bættu 1% við framlag ríkisins, þannig að mótframlagið yrði alls 1,2% af launum. Um svipað leyti var ákveðið að létta tekjuskatti af allt að 4% viðbótarframlagi í lífeyrissjóð og mótframlag ríkisins aukið, þannig að þeir launþegar sem leggja 4% af launum sínum til hliðar fá 1,4% á móti. Í byrjun árs 2002 hækkar mótframlag atvinnurekenda svo um 1%.

Í janúar 2001 hafði hlutfall sparendu aukist í 37% samkvæmt könnun PriceWaterhouseCoopers. Sérstaka athygli vekur að álíka margir segjast leggja fyrir 2% og 4% af launum. Lausleg athugun hjá 16 fyrirtækjum í Samtökum atvinnulífsins bendir til þess að þetta sé síst of há tala. Lítil vafi er á að viðbótarlífeyrisframlagið hefur eftir sparnað landsmanna, þó að það kunni að einhverju leyti að koma í stað annars langtímasparnaðar.

Ljóst er að það er þjóðhagslega hagkvæmt að hvetja þjóðina til viðbótarlífeyrissparnaðar. Það dregur bæði úr einkaneyslu, minnkar geigvænlegan viðskiptahalla, dregur úr útgjöldum ríkisins til lífeyrismála þegar litið er til lengri tíma og minnkar þannig skattþörf hins opinbera. Með hliðsjón af mikilvægi þessa sparnaðar er því óheppilegt að búa við þá óvissu að vegna gjaldþrots fyrirtækja þá geti einstaklingar glatað verulegum fjármunum. Það væri því mikið áfall, ef

HLUTVERK LANDSSAMTAKA LÍFEYRISSJÓÐA

Þessi viðbótarlífeyrissparnaður drægist saman hjá þjóðinni vegna þess að innheimtuaðgerðum er ekki sinnt markvisst, svo og vegna þess að Ábyrgðarsjóður launa tryggir ekki iðgjöld vegna lífeyrissparnaðar.

Því hafa Landssamtök Lífeyrissjóða lagt til að við endurskoðun laga um Ábyrgðarsjóð launa vegna gjaldþrota verði skýrt kveðið á um að sjóðurinn taki ábyrgð á iðgjöldum til viðbótarlífeyrissparnaðar sem tapast vegna gjaldþrota með hliðstæðum hætti og nú tíðkast gagnvart lífeyrissjóðsiðgjöldum.

Með lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, var ríkisskattstjóra falið að hafa með höndum eftirlit með því að lögbindið lágmarksíðgjald væri greitt til lífeyrissjóðs vegna launamanna og sjálfstætt starfandi einstaklinga.

Árið 1999 var fyrsta heila starfsárið sem lífeyrissjóðir störfuðu eftir nýju lífeyrslugunum Samkvæmt upplýsingum frá ríkisskattstjóra höfðu lögboðin iðgjöld til lífeyrissjóða ekki verið greidd vegna um 10.500 einstaklinga vegna tekna ársins 1999. Upplýsingar um þessa einstaklinga voru sendar viðkomandi lífeyrissjóðum. Þar af var Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda falið að innheimta iðgjöld vegna u.þ.b. 5.800 einstaklinga.

Fyrirkomulag og framkvæmd innheimtu vanskilaiðgjalda er á ábyrgð hvers og eins lífeyrissjóðs. Til þess að tryggja samræmi og festu í innheimtunni hafa þó verið settar almennar leiðbeiningarreglur um innheimtuna. Þannig ber lífeyrissjóðum að hefja innheimtu án ástæðulausrar tafar og beita þeim úrræðum sem tæk eru að lögum með hliðsjón af þeim hagsmunum sem í húfi eru og halda innheimtuaðgerðum áfram með eðlilegum hraða til þess að tryggja örugga innheimtu vangoldinna iðgjalda.

Starfsemi Landssamtaka Lífeyrissjóða hefur verið þróttmikil á starfsárinu og hafa þær væntingar sem menn höfðu þegar samtök in voru stofnuð á árinu 1998 fyllilega ræst að mínum dómi. Ég hvet fundarmenn að lesa starfskýrslu samtakanna því þar er fjallað um helstu verkefni stjórnar, þó svo að sú upptalningu sé engan veginn tæmandi.

Ég vil að lokum færa þeim fjölmörgu einstaklingum sem unnið hafa með og fyrir Landssamtök Lífeyrissjóða á því starfsári sem er að líða, bestu þakkir fyrir samvinnuna. Samstarfsfólki mínu í stjórn þakka ég fyrir góða samheldni og stuðning í mörgum erfiðum málaflökkum. Hrafn Magnússyni, framkvæmdastjóra, þakka ég fyrir ómetanleg störf í þágu landssamtakanna og ómælda aðstoð hans við mig.

Þórir Hermannsson

Hlutverk samtakanna er:

- Að gæta í hvívetna hagsmuna sjóðfélaga.
- Að vera málsvari lífeyrissjóðanna í þeim málum sem varða heildarhagsmunum þeirra og koma á framfæri sjónarmiðum samtakanna við stjórnvöld og aðra aðila í öllum meiriháttar málum sem varðað geta sameiginlega hagsmunum aðildarsjóðanna.
- Að hafa frumkvæði í almennri umræðu um málefni sjóðanna og um lífeyrismál og stuðla að jákvæðri ímynd þeirra.
- Að vinna að útgáfu- og fræðslumálum lífeyrissjóða svo sem með námskeiðum og fræðslufundum, skýrslugerð og annarri þjónustu við lífeyrissjóði og sjóðfélaga.
- Að stuðla að hagræðingu og þróun í starfi aðildarsjóðanna.
- Að fylgjast með þróun lífeyrismála erlendis og taka þátt í alþjóðlegu samstarfi samtakanna lífeyrissjóða.
- Að vinna að sérgreindum verkefnum fyrir einstaka lífeyrissjóði innan samtakanna, samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar samtakanna, enda standi slík starfsemi fjárhagslega undir sér og sé samrýmanleg markmiðum þeirra og tilgangi.





STJÓRN OG FRAMKVÆMDASTJÓRI SAMTAKANNA

Stjórn Landssamtaka Lífeyrissjóða er skipuð átta aðalmönnum og átta varamönnum. Kjörtímabil aðalmanna er tvö ár og skal árlega kjósa helming stjórnarmanna og alla varamennina. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Stjórn samtakanna er þannig skipuð:

Þórir Hermannsson, *formaður*
Haukur Hafsteinsson, *varaformaður*
Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir, *ritari*
Arnar Sigurmundsson
Árni Guðmundsson
Friðbert Traustason
Margeir Daníelsson og
Víglundur Þorsteinsson.

Vararstjórnin er þannig skipuð: Eiríkur Benjamínsson, Eysteinn Haraldsson, Gunnar Baldvinsson, Jóhannes Siggeirsson, Kári Arnór Kárason, Magnús L. Sveinsson, Pétur Sigurðsson og Sigurbjörg Björnsdóttir.

Á kjörtímabili stjórnarinnar voru haldnir alls 10 fundir. Stjórnin ber ábyrgð á starfsemi LL samkvæmt ákvæðum samþykktta samtakanna.

Skrifstofa Landssamtaka Lífeyrissjóða flutti að Sætúni 1, Reykjavík, s.l. haust, sími 563-6450, fax 563-6401. Skrifstofuhald er í samrekstri með Reiknistofu Lífeyrissjóða. Heimasíða LL er með vefslóðina <http://www.ll.is> og netfang samtakanna er ll@ll.is. Framkvæmdastjóri LL er Hrafn Magnússon. Hefur hann með höndum daglegan rekstur samtakanna.



Stjórn og framkvæmdastjóri LL. Talið frá vinstri neðri röð: Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir, Þórir Hermannsson og Haukur Hafsteinsson. Efri röð frá vinstri: Friðbert Traustason, Árni Guðmundsson, Arnar Sigurmundsson, Gunnar Baldvinsson, í varastjórn og Hrafn Magnússon. Á myndina vantar Margeir Daníelsson og Víglundur Þorsteinsson.

AÐALFUNDUR LANDSSAM- TAKA LÍFEYRISSJÓÐA

Aðalfundur Landssamtaka lífeyrissjóða var haldinn á Hótel Sögu í Reykjavík 29. maí 2000. Þórólfur Árnason stjórnaði fundi en fundaritari var Gísli Sigurkarlsson. Fjöldmenni var á fundinum.

Þórir Hermannsson, formaður Landssamtaka lífeyrissjóða, flutti skýrslu stjórnar um starfsemina allt frá stofnfundi í desember 1998. Fram kom í máli hans að vel hefði tekist til með starfsemi og stofnun LL.

Hrafn Magnússon, framkvæmdastjóri LL, kynnti ársreikning samtakanna fyrir árið 1999 og var hann borinn undir atkvæði og samþykktur samhljóða.

Lögð var fram tillaga um kosningu í aðalstjórn og varð sú breyting að Friðbert Traustason var kosinn í stað Þórólfs Árnasonar, sem gaf ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu. Sú breyting var enn fremur gerð á varastjórn að Eysteinn Haraldsson og Gunnar Baldvinson komu í stað Hauks Þórs Haraldssonar og Jóns Guðmundssonar, sem ekki gáfu kost á sér. Tillaga stjórnar um endurskoðunarfélag samtakanna, þóknun til aðal- og varamanna og um árgjald til LL var samþykkt samhljóða.

Að lokinni kynningu Hrafns Magnússonar á fjárhagsáætlun LL fyrir árið 2000, fjallaði Víglundur Þorsteinsson um nýjar reglur OECD um stjórnskipan fyrirtækja og Már Guðmundsson flutti erindi um íslenska lífeyriskerfið en skýrsla hans um það efni var lögð fram á fundinum.

FRÆÐSLUFUNDUR UM SAXESS

Í tengslum við NOREX samstarfið hefur Verðbréfaþing Íslands tekið í notkun nýtt viðskiptakerfi SAXESS. Til að fjalla um ávinning af hinu nýju SAXESS viðskiptakerfi, svo og þeim kostum sem í boði eru, efndu Landssamtök lífeyrissjóða til fræðslufundar fyrir stjórnir og starfsfólk lífeyrissjóðanna 10. nóvember s.l.

Dagskrá fundarins var á þá leið að Gunnar Ingi Halldórsson frá Verðbréfaþingi Íslands fjallaði um *SAXESS viðskiptakerfið* og Freyr Halldórsson hjá Tölvumyndum h.f. og Jón Helgi Egilsson hjá Mens Mentis h.f. fjölluðu um *þjónusta í tengslum við SAXESS*.

FULLTRÚARÁÐ LL

Hver lífeyrissjóður innan Landssamtaka lífeyrissjóða tilnefnir tvo fulltrúa í fulltrúaráð samtakanna. Auk þeirra eiga sæti í fulltrúaráðinu stjórn og varastjórn samtakanna. Formaður stjórnar skal jafnframt vera formaður fulltrúaráðsins.

Fulltrúaráð skal boðað til fundar á milli aðalfunda eða þegar fimm fulltrúaráðsmenn eða fleiri bera um það ósk til formanns. Verkefni fulltrúaráðsins skal vera að ræða sameiginleg markmið lífeyrissjóðanna og stuðla að samheldni þeirra á milli auk þess að fjalla um þau mál sem hæst ber í starfsemi lífeyrissjóðanna á hverjum tíma.

Stjórn LL boðaði til fulltrúaráðsfundar 10. nóvember á síðasta ári. Kristín Siggeirsdóttir, iðjuþjálfari flutti erindi sem nefndist: *“Atvinnuendurhæfing örorkulífeyrisþega. Samvinna heilbrigðis- og menntakerfis.”* Í erindinu var einkum fjallað um tilraunaverkefnið Janus endurhæfing ehf. Þá voru flutt erindi um *“Stöðu lífeyrissjóðanna á íslenskum fjármálamarkaði og framþróun hans.”* Framsögumenn voru þeir Gylfi Magnússon, dósent við Viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands, Margeir Pétursson, stjórnarformaður MP verðbréfa h.f. og Tryggvi Pálsson, stjórnarformaður Verðbréfaþings Íslands h.f.

NÁMSKEIÐ UM SAMSKIPTAMÁL

Landssamtök lífeyrissjóða efndu til námskeiðs, 20. mars s.l., um samkomulag um samskipti lífeyrissjóða með sérstakri áherslu á skipt framreikningsréttindi milli sjóða og um samkomulag milli LL og Tryggingastofnunar ríkisins um mat á orkutapi.

Farið var yfir samkomulag um samskipti lífeyrissjóða, hvaða gögn þurfa að fylgja umsókn, svo og fjallað um framreikningsréttindi stærstu lífeyrissjóðanna. Þá var farið yfir hagnýt og raunveruleg dæmi um skipt framreikningsréttindi og hvernig samkomulagið um samskiptamál gæti komið að notum í því sambandi. Einnig voru sýnd dæmi um flutning réttinda milli sjóða. Námskeiðið hentaði vel þeim starfsmönnum lífeyrissjóða sem vinna að lífeyrismálum, taka við umsóknum og þurfa að öðru leyti að svara fyrir örorkulífeyrismál, þ.á.m. varðandi framkvæmd samkomulags um samskipti lífeyrissjóða.

Leiðbeinendur voru Guðjón Hansen, tryggingafræðingur, Hrafn Magnússon, framkvæmdastjóri LL og Matthildur Hermannsdóttir, deildarstjóri lífeyrisdeildar Reiknistofu lífeyrissjóða.




FRÆÐSLUBÆKLINGUR UM SKIPTINGU ELLILÍFEYRIS- RÉTTINDA MILLI HJÓNA

Landssamtök Lífeyrissjóða gáfu á s.l. vetri út fræðslubækling um skiptingu ellilífeyrisréttinda milli hjóna. Ákvæði laganna um skiptingu ellilífeyrisréttindanna eru þrjúþætt. Í fyrsta lagi er skipt sam-
tímagreiðslu ellilífeyris. Í öðru lagi er skipting á þegar áunnum ellilífeyrisréttindum. Í þriðja lagi er um að ræða skiptingu þeirra ellilífeyrisréttinda sem munu ávinnast eftir að umrætt samkomulag hefur verið gert. Skiptingin getur því varðað réttindi í nútíð, fortíð og framtíð. Landssamtök Lífeyrissjóða hafa einnig látið útbúa sérstök samningseyðublað um skiptingu ellilífeyrisréttindanna.

Að mati samtakanna var talin full þörf á því að kynna nokkuð rækilega þau skilyrði sem þarf að uppfylla til að hjón eða sambúð-
arfólk geti skipti ellilífeyrisréttindum sínum, sem þau hafa þegar áunnið sér og/eða munu ávinna sér í lífeyrissjóðunum.

Það er von Landssamtaka Lífeyrissjóða að með útgáfu fræðslu-
bæklingins takist að vekja athygli almennings á þeim möguleikum, sem nú eru í boðið varðandi skiptingu ellilífeyrisréttindanna. Hægt er að fá bæklinginn hjá Landssamtökum Lífeyrissjóða, hjá Lífeyris-
sjóðunum, verkalýðsfélögum og umboðum almannatrygginga um land allt.



STARFSREGLUR FYRIR STJÓRNIR LÍFEYRISSJÓÐA

Í lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrisjóða er m.a. fjallað um ársfund, hlutverk og ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra og skyldur stjórnarmanna til almenns eftirlits með starfsemi lífeyrissjóðsins og skal það m.a. felast í því að fylgjast með að starfsemi sé í samræmi við lög og samþykktir sjóðsins og að hafa eftirlit með rekstri, bókhaldi og ráðstöfun eigna sjóðsins. Þá er í lögnum kveðið á um að það falli undir verkefni stjórnar að setja sér starfsreglur og gera tillögur til breytinga á samþykktum, sem lagðar skulu fyrir ársfund.

Starfsreglur stjórnar lífeyrissjóða hljóta að mestu að vera sniðnar eftir ákvæðum laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Þannig geta starfsreglunar orðið eins konar gátlisti fyrir stjórnarmenn lífeyrissjóðanna. Í stað þess að þurfa að fara yfir allan lagabálkinn um lífeyrissjóðina, eru ákvæðin um skyldur og ábyrgð stjórnarmanna dregnar saman í eina greinargerð, þó ekki þurfi að vera um tæmandi upptalningu að ræða.

Stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða ákvað nú í vetur að gefa út leiðbeiningar um efni starfsreglna fyrir stjórnir lífeyrissjóða. Var bæði stuðst við lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, svo og við sambærilegar vinnureglur fjölmargra lífeyrissjóða. Tilgangurinn með þessari útgáfu er að auðvelda stjórnarmönnum samningu slíkra reglna.



REGLUR UM ENDUR- GREIÐSLUR IÐGJALDA TIL ERLENDRA RÍKISBORGARA

Í lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrisjóða segir að heimilt sé að endurgreiða iðgjöld til erlendra ríkisborgara þegar þeir flytjast úr landi enda sé slíkt ekki óheimilt samkvæmt milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að. Óheimilt er að takmarka endurgreiðsluna við tiltekinn hluta iðgjaldsins nema á tryggingafræðilega réttum forsendum. Fyrir gildistöku laganna takmarkaðist heimildin áður eingöngu við að endurgreiða iðgjaldahluta launþegans, almennt við 4% af iðgjaldagrunni. Ákvæði lífeyrissjóðalaganna um endurgreiðslur til erlendra ríkisborgara eru heimildarákvæði fyrir sjóðina, en ekki skylda.

Félag íslenskra tryggingastærðfræðinga hefur nú samkvæmt beiðni Landssamtaka lífeyrissjóða samið leiðbeinandi reglur um endurgreiðslur til erlendra ríkisborgara, sem stjórn LL hefur samþykkt fyrir sitt leyti.

Reglur eru tiltölulega einfaldar.

- 1) Ef iðgjaldagreiðslutíminn er ekki nægjanlegur (oftast undir þremur árum), þannig að réttur til framreiknings vegna örorkulífeyris, hefur ekki stofnast, skal endurgreiða viðkomandi erlendum ríkisborgara allt iðgjaldið (oftast 10% iðgjald) með verðtryggingu, en án vaxta.
- 2) Ef réttur hefur hins vegar stofnast til framreiknings örorku, þar sem iðgjaldagreiðslutíminn er nægjanlegur (oftast meira en þrjú ár), skal endurgreiðsluhlutfallið miðast við útreikninga Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga, þar sem aldur hins erlenda ríkisborgara við endurgreiðsluna skiptir megin máli. Endurgreiða skal með verðtryggingu en án vaxta.

Ef um er að ræða umtalsverð lífeyrisréttindi, t.d. iðgjöld vegna lengri tíma en 5 ár, er hins vegar eðlilegt að fá álit tryggingafræðings á hinum tryggingafræðilegu forsendum endurgreiðslunnar.

Ekki er heimilt að endurgreiða iðgjöld til erlendra ríkisborgara innan Evrópska efnahagssvæðisins (EES), þar sem sá samningur byggir á gagnkvæmu samkomulagi aðildarríkja EES-samningsins um beitingu almannatryggingareglna gagnvart launþegum og sjálfstætt starfandi einstaklingum sem flytjast á milli aðildarríkjanna.



REGLUR UM MEÐFERÐ HEILSUFARSLEGRA UPPLÝSINGA HJÁ LÍFEYRISSJÓÐUM

Landssamtök lífeyrissjóða unnu í samvinnu við embætti tryggingayfirlæknis að leiðbeinandi reglum um meðferð heilsufarslegra upplýsinga hjá sjóðunum. Tölvunefnd samþykkti þessar reglur á fundi sínum 25. september sl.

Við meðferð heilsufarslegra upplýsinga fyrir lífeyrissjóðinn skal þess gætt að þær séu:

1. Unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti og að öll meðferð þeirra sé í samræmi við vandaða vinnsluhætti persónuupplýsinga.
2. Fengnar í yfirlýstum, skýrum, málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi.
3. Nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar.

4. Áreiðanlegar og uppfærðar eftir þörfum. Persónuupplýsingar sem eru óáreiðanlegar eða ófullkomnar, miðað við tilgang vinnslu þeirra, skal afmá eða leiðrétta.
5. Varðveittar í því formi að ekki sé unnt að bera kennsl á skráða aðila lengur en þörf krefur miðað við tilgang vinnslu. Varðveita skal læknisfræðileg gögn a.m.k. jafn lengi og viðkomanda gögn eru talin þáttur í úrskurði lífeyrissjóðsins til greiðslu lífeyris.

Landssamtök lífeyrissjóða hafa hvatt aðildarsjóði sína að setja sér reglur um meðferð heilsufarsupplýsinga með hliðsjón af þessum reglum.



SAMKOMULAG UM SAMSKIPTAMÁL

Úrskurðar- og umsagnarnefndin hefur afgreitt aðildarbeiðnir frá 39 lífeyrissjóðum að samkomulagi um samskiptamál sjóðanna. Lífeyrissjóðirnir hafa ekki gert neina fyrirvara um einstök ákvæði samkomulagsins og nefndin hefur heldur ekki sett fyrirvara vegna annmarka á ákvæðum samþykktu eða laga viðkomandi sjóða.

Úrskurðar- og umsagnarnefnd Landssamtaka lífeyrissjóða, sem starfar samkvæmt 10. gr. samkomulags um samskipti lífeyrissjóða, hefur ennfremur ákveðið, hvernig skuli við framkvæmd samkomulagsins litið á iðgjöld til lífeyrissjóða, sem veita lágmarkstryggingavernd, samkvæmt 4. gr. laga nr. 129/1997, í formi samþættrar sameignar og séreignar. Eftirtaldir lífeyrissjóðir sem aðild eiga að samkomulaginu samþætta sameign og séreign í lágmarkstryggingaverndinni: Almennur lífeyrissjóður VíB, Frjálsi lífeyrissjóðurinn, Íslenski lífeyrissjóðurinn, Lífeyrissjóður arkitekta- og tækniþræðinga, Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands og Lífeyrissjóðurinn Eining.

Úrskurðar- og umsagnarnefndin er þannig skipuð: Þorgeir Eyjólfsson, forstjóri Lífeyrissjóðs verzlunarmanna, sem er formaður nefndarinnar, Haukur Hafsteinsson, framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, varaformaður og Örn Arnþórsson, skrifstofustjóri Lífeyrissjóðsins Framsýnar.

NÝR SAMNINGUR VIÐ TRYGGINGASTOFNUN RÍKIS- INS UM MAT Á ORKUTAPI

Í desembermánuði s.l. var undirritað samkomulag milli Tryggingastofnunar ríkisins og Landssamtaka lífeyrissjóða um framkvæmd mats á orkutapi. Samkomulagið kemur í stað hliðstæðs samnings milli Tryggingastofnunar ríkisins annars vegar og Landssambands lífeyrissjóða og Sambands almennra lífeyrissjóða hins vegar, sem gert var á árinu 1996. Um er að ræða svokallaðan rammisamning á milli aðila, en einstakir lífeyrissjóðir geta gerst aðilar að samkomulaginu með sérstakri yfirlýsingu.

Helstu breytingar frá eldra samkomulagi felast í ákvæðum 4. gr. samkomulagins, þar sem áréttuð er nauðsyn þess að nákvæmar upplýsingar komi fram um heilsufarssögu sjóðfélagans við mat á orkutapi. Samningurinn tók gildi frá og með 1. janúar 2001. Hann var gerður til ótiltekins tíma, en er uppsegjanlegur af hálfu samningsaðila með þriggja mánaða fyrirvara. Einstakir lífeyrissjóðir geta með þriggja mánaða fyrirvara afturkallað aðild sína að samkomulaginu.

ENDURHÆFINGARMÁL

Samkvæmt skýrslu Fjármálaeftirlitsins nam örorkulífeyrir sjóðanna 16,2% af heildarlífeyri á árinu 1999 eða alls um 2.636 m.kr. Hér er um að ræða umtalsverða fjármuni, sem lífeyrissjóðirnir þurfa að greiða í formi örorkulífeyris og er þá ótalinn barnalífeyri, sem tengist þessum greiðslum.

Sameinaði lífeyrissjóðurinn hefur í samvinnu við heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið sett af stað tilraunaverkefni með nýtt endurhæfingarúráði fyrir örorkulífeyrisþega hjá Janus Endurhæfingu ehf. Í tengslum við þetta verkefni hefur stjórn LL beint þeim tilmælum til lífeyrissjóða innan samtakanna að taka jákvæða afstöðu til málsins, m.a. með því að kanna möguleika í samráði við trúnaðarlækna viðkomandi lífeyrissjóða að senda örorkulífeyrisþega í endurhæfingu hjá Janus ehf. og taka að öðru leyti þátt í þeim kostnaði sem fylgdi endurhæfingunni, m.a. með gerð þjónustusamninga.

Í lok síðasta árs áttu fulltrúar LL viðræður við yfirmenn endurhæfingarmála hjá Landspítalanum-háskólasjúkrahúsi. M.a. var fjallað um verkefni Samstarfsráðs um endurhæfingu í tengslum við atvinnuendurhæfingu og hvernig lífeyrissjóðirnir, Tryggingastofnun ríkisins og sjúkrasjóðir verkalýðsfélaganna gætu komið að þeirri umræðu, sem þar færi fram um endurhæfingarmál. Fulltrúar Landssamtaka lífeyrissjóða lögðu áherslu á fundinum að mörkuð yrði heildarstefna í endurhæfingarmálum öryrkja og að nauðsynlegt væri að lífeyrissjóðirnir kæmu að þeirri vinnu.

Með hliðsjón af þeim umræðum samþykkti stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða á fundi sínum í byrjun þessa árs að óska eftir því við Samstarfsráð um endurhæfingu að samtökin fái að taka þátt í mörkun heildarstefnu um endurhæfingarmálin, svo og að skoða aðra kosti í stöðunni þ.á.m. rannsóknir á sviði atvinnuendurhæfingar.



ERLENT SAMSTARF

Eitt af verkefnum samtakanna er að tryggja mikilvæg og nauðsynleg tengsl við sambærileg lífeyrissjóðasamtök erlendis. Landssamtök lífeyrissjóða hafa því gerst aðilar að samtökum lífeyrissjóðasambanda innan Evrópska efnahagssvæðisins, EES. Samtökin kallast á ensku „European Federation for Retirement Provision“, skammstafað EFRP. Hlutverk EFRP er að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum lífeyrissjóðasambanda Evrópuríkjanna. Þannig eru starfsstöðvar samtakanna í Brussel og stór hluti af starfsemiinni felst í því að hafa áhrif á lagaframkvæmd Evrópuþingsins. Jafnframt vinna samtökin að ýmissi upplýsingaöflun um þróun lífeyrismála í einstökum aðildarlöndum og miðlun þeirra upplýsinga meðal þátttökuþjóða. Það sem efst er á baugi hjá EFRP um þessar mundir er að fylgjast með og hafa áhrif á setningu tilskipunar um starfsemi lífeyrissjóða innan Evrópusambandsins.



ÖNNUR VERKEFNI

- Fyrri hluta marsmánaðar óskaði félagsmálaráðherra, Páll Pétursson, eftir viðræðum við Landssamtök Lífeyrissjóða um sérstakt átak vegna byggingar leiguíbúða næstu fjögur árin og hvort og þá hvernig lífeyrissjóðir gætu komið að slíku verkefni, einkum þó með lánveitingar í huga. Fyrirhugað er að byggja 600 leiguíbúðir á næstu árum til viðbótar almennum heimildum Íbúðalánasjóðs vegna leiguíbúða. Sveitarfélögin útvegi lóðir undir íbúðirnar og lífeyrissjóðirnir fjármagni þetta sérstaka átak í samstarfi við Íbúðalánasjóð. Stefnt er að því að byggja hagkvæmar íbúðir og lögð verði áhersla á aðgerðir til að lækka byggingarkostnað og auka framboð minni íbúða. Gert er ráð fyrir að lánssamningur Íbúðalánasjóðs sem lántaka og lífeyrissjóðanna sem lánveitanda verði að fjárhæð 7 milljarðar króna og að Íbúðalánasjóður skuldbindi sig til að nota það fjármagn sem samningurinn innifelur til fjármögnunar vegna sérstaks átaks við byggingu leiguíbúða á samningstímanum.
- Síðasta vor óskuðu Landssamtök Lífeyrissjóða eftir álitum stjórnar Ábyrgðarsjóðs launa á því, hvort sjóðurinn ábyrgist öll lífeyrissjóðir samkvæmt lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Nánar tiltekið, hvort ábyrgð sjóðsins tæki einnig til iðgjalds til viðbótartrygginga-verndar og séreignarsparnaðar. Í svari stjórnar sjóðsins kom fram að skilja bæri ákvæði laga nr. 53/1993 um Ábyrgðarsjóð launa vegna gjaldþrota á þann veg að ábyrgð sjóðsins tæki aðeins til lágmarksiðgjalds samkvæmt lögum nr. 129/1997. Að sjálfsögðu er þjóðhagslega hagkvæmt að hvetja þjóðina til viðbótarlífeyrissparnaðar. Það væri því mikið áfall, ef þessi viðbótarlífeyrissparnaðar drægist saman hjá þjóðinni vegna þeirra óvissu sem nú ríkir vegna þess að innheimtuaðgerðum er ekki sinnt markvisst, svo og vegna þess að Ábyrgðarsjóður launa tryggir ekki iðgjöld vegna lífeyrisparnaðar með hliðstæðum hætti og iðgjöld til lífeyrissjóðanna. Því hafa Landssamtök lífeyrissjóða lagt til við stjórn sjóðsins að við endurskoðun laga nr. 53/1993 um Ábyrgðarsjóð launa vegna gjaldþrota, sem nú er unnið að, verði skýrt kveðið á um að sjóðurinn taki ábyrgð á iðgjöldum til viðbótarlífeyrissparnaðar sem tapast vegna gjaldþrota með hliðstæðum hætti og nú tíðkast gagnvart lífeyrissjóðsiðgjöldum.
- Á síðasta ári samþykkti Alþingi breytingar á lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, þar sem m.a. er kveðið á um skyldu stjórnar lífeyrissjóðs að setja verklagsreglur um verðbréfavíðskipti sjóðsins, stjórnar hans og starfsmanna. Skulu slíkar reglur staðfestar af Fjármálaeftirlitinu. S.l. haust var haldinn fundur með fulltrúum LL og Fjármálaeft-

irlitsins, þar sem aðallega voru rædd drög að leiðbeiningum um efni reglna fjármálaeftirlitstækja samkvæmt lögum um verðbréfavíðskipti, sem eftirlitið hafði þá gefið út. Í framhaldi af þeim fundi samþykkti stjórn LL að samtökin skyldu vinna að samningu leiðbeinandi verklagsreglna fyrir lífeyrissjóðina um verðbréfavíðskipti, m.a. með því að setja vinnuhóp í gang til að vinna að slíkum reglum.

Vinnuhópurinn sem skipaður er Arnari Sigurmundssyni stjórnarmanni í LL og Lífeyrissjóði Vestmannaeyja, Hrafni Magnússyni, framkvæmdastjóra LL, Stefáni Halldórssyni, framkvæmdastjóra Lífeyrissjóðs verkfræðinga og Þorgeiri Eyjólfssyni, forstjóra Lífeyrissjóðs verzlunarmanna, skilaði tillögum sínum um leiðbeinandi verklagsreglur um verðbréfavíðskipti lífeyrissjóða, stjórnar og starfsmanna í lok marsmánaðar s.l. Tillögurnar hafa verið kynntar Fjármálaeftirlitinu sem eru með þær í athugun, enda ber eftirlitinu samkvæmt lögum að samþykkja verklagsreglurnar.

- Í samstarfi við Vátryggingafélag Íslands hf. og Howden Insurance Brokers í London hafa Landssamtök lífeyrissjóða nú í all langan tíma unnið að sértækri vátryggingarvernd, sem kvæði á um fjárhagslega vernd (Theft and Infidelity), um starfsábyrgðarvernd (Professional Indemnity) og vernd fyrir stjórnarmenn og starfsmenn (Directors & Officers Liability). Verndin næði til allra lífeyrissjóða sem aðild eiga að Landssamtökum lífeyrissjóða, svo og til starfsfólks þeirra og stjórnarmenn. Með sameiginlegri vernd fást mun lægri iðgjöld en fengjust ef einstakir sjóðir keyptu sér vátryggingavernd beint. Þá yrði vátryggingafjárhæð jafnframt verulegra hærrí. Um mjög hagstæða tryggingu gæti því verið um að ræða fyrir lífeyrissjóði innan LL. Við skoðun á vátryggingaskilmálum hefur LL fengið til liðs við sig Ólaf Gústafsson, hrl., og Svein Jónsson, löggr. endurskoðanda. Að ósk LL hefur VÍS nú látið þýða skilmálana yfir á íslensku og er nú verið að aðlaga þá betur að íslenskum staðhættum.



UMSAGNIR UM FRUMVÖRP

Eitt helsta verkefni Landssamtaka lífeyrissjóða er að koma á framfæri við stjórnvöld og þingnefndir þeim sjónarmiðum, sem varða hagsmuni lífeyrissjóðanna. Þetta gerist m.a. með fundarhöldum með starfsfólki ráðuneytanna og Fjármálaeftirlitsins, svo og með fundum í þingnefndum, sérstaklega þó með efnahags- og viðskipta-nefnd Alþingis.

Verður nú getið nokkurra umsagna Landssamtaka lífeyrissjóða vegna lagafrumvarpa:

BREYTINGAR Á LÖGUM UM SKYLDUTRYGGINGU LÍFEYRISRÉTTINDA OG STARFSEMI LÍFEYRISSJÓÐA.

Óskað var eftir umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða vegna eftirfarandi breytinga á 2. mgr. 18. gr. laga nr. 129/1997 (breytingartillagan er *skáletruð*).

„Lífeyrissjóður skal samhliða greiðslufirliti eigi sjaldnar en einu sinni á ári senda upplýsingar um áunninn og væntanlegan lífeyrisrétt sjóðfélaga, *verðmæti áunninna réttinda hans hjá sjóðnum*, rekstur og fjárhagsstöðu sjóðsins og breytingar á samþykktum. Sömu upplýsingar skal senda þeim sjóðfélögum sem náð hafa elli lífeyrisaldri.“

Landssamtaka lífeyrissjóða töldu þessa breytingartillögu síður en svo til bóta. Tryggingafræðilegar athuganir á fjárhagsstöðu lífeyris-

sjóða byggðust m.a. á mati á dánar- og lífslíkum sjóðfélaga, auk ýmissa annarra þátta, svo sem mat á líkum þess að sjóðfélagar yrði í hjónabandi eða annarri sambúð á hverju aldursári í framtíðinni, auk þess sem byggt væri á mati á örorku- og endurhæfingarlíkum og líkum á því að sjóðfélagi eigi barn á hverju aldursári í framtíðinni. Þannig væri engan veginn hægt að leggja að jöfnu tryggingafræðilega útreikninga sem byggðu á meðaltölum ofangreindra þátta og persónulegum högum og stöðu einstakra sjóðfélaga, - nema þá með svo miklum fyrirvörum að hinn almenni sjóðfélagi væri litlu sem engu nær um lífeyrisréttindi sín.

UM GREIÐSLU EFTIRLITSGJALDS TIL FJÁRMÁLAFTIRLITSINS.

Landssamtök lífeyrissjóða vöktu athygli á álitum samráðsnefndar eftirlitskyldra aðila á rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins. Við gerð rekstraráætlunar fyrir árið 2001 hafi eftirlitið hins vegar tekið lítið tillit til ábendinga samráðsnefndarinnar. Landssamtök lífeyrissjóða tóku hins vegar undir öll þau megin atriði, sem þar komu fram.

FRUMVARP TIL LAGA UM VERÐBRÉFAVIÐSKIPTI, ÚTBOÐ OG INNHERJAVIÐSKIPTI.

Landssamtök lífeyrissjóða töldu að þær breytingar sem kveðið væri á um í frumvarpinu væru til bóta, bæði hvað snertir útboð verðbréfa, svo og um innherjaviðskipti og meðferð trúnaðarupplýsinga. Þá væri athyglisverð þau ákvæði, sem fjölluðu um skilgreiningu á fagfjárfestum og sem ráðgert væri að kæmi sem reglugerðar-ákvæði með lögnum.

Samtökin gerðu ekki efnislegar athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins, enda væri ekki séð að umrædd ákvæði stönguðust á við hagsmuni lífeyrissjóðanna. Samþykkt frumvarpsins væri því til bóta fyrir verðbréfamarkaðinn og lífeyrissjóðina.

Hins vegar vöktu Landssamtök lífeyrissjóða athygli á þeirri staðreynd að fyllilega væri tímabært að fram færi heildarendurskoðun verðbréfavíðskiptalaganna. Í því sambandi lögðu samtökin áherslu á að við slíka heildarendurskoðun fengju samtökin tilnefningarrétt í þær nefndir, sem kynnu að vera skipaðar af viðskiptaráðherra, þannig að sjónarmið og viðhorf lífeyrissjóðanna gætu óhindrað komið fram í nefndarstörfunum.

BREYTING Á LÖGUM UM TRYGGINGAGJALD.

Frumvarpið fjallaði um að tryggingagjald gæti lækkað um 0,4% af gjaldstofni í stað 0,2% og leggja skuli þann hluta fram sem mótframlag við iðgjaldahluta launamanns vegna viðbótarlífeyrissparnaðar. Landssamtök lífeyrissjóða fögnuðu þessu frumvarpi og lögðu til að það yrði samþykkt.

BREYTING Á LÖGUM UM STOFNUN HLUTAFÉLAGA UM LANDSBANKA ÍSLANDS OG BÚNAÐARBANKA ÍSLANDS.

Landssamtök lífeyrissjóða lögðu ekki mat á væntanlega framkvæmd á sölu hlutabréfanna, enda fjallaði frumvarpið einvörðungu um heimildir til ráðherra að selja viðkomandi hlutabréf í ríkisbönkunum. Samtökin voru hins vegar fylgjandi samþykki frumvarpsins



og þar með einkavæðingu fjármálastofnana í eigu ríkisins og var í þeim efnum tekið undir sjónarmið Seðlabanka Íslands sem fylgdi frumvarpinu.

BREYTING Á SKAÐABÓTALÖGUM.

Landssamtök lífeyrissjóða töldu að sú breyting sem gerð var á skaðabótalögnum árið 1999, þess efnis að 60% af örorkulífeyrisgreiðslum lífeyrissjóðanna skyldu dragast frá skaðabótakröfu vegna líkamstjóns, hefði verið ranglát og með öllu óviðunandi fyrir hinn almenna sjóðfélaga, auk þess sem með þeirri lagabreytingu hefði verið búin til enn ein tekjutengingin við lífeyrisgreiðslur lífeyrissjóðanna með óæskilegum jarðaráhrifum. Landssamtök lífeyrissjóða tóku því heilshugar undir þau sjónarmið sem fram komu í frumvarpinu að falla frá þessari tekjutengingu.

BREYTING Á LÖGUM UM RÉTTINDI OG SKYLDUR STARFS- MANNA RÍKISINS.

Breytingarnar fjölluðu um að heimilt væri að fresta því að veita manni lausn frá embætti allt þar til hann hafi náð 74 ára aldri, ef hann óskar þess sérstaklega og almenn skilyrði laganna væru því ekki til fyrirstöðu.

Í umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða kom fram að samtökin væru almennt hlynnt því að starfsmenn gætu unnið eins lengi og þeir hefðu heilsu til og aðstæður leyfðu, enda væri það í takt við þær umræður sem ættu sér m.a. stað innan OECD-ríkjanna í tengslum við breytta aldursamsetningu þjóðanna og aukna lífeyrisbyrði. Íslendingar væru svo lánsamir að væntanlega hvergi á byggðu bóli stunduðu eldri borgarar eins lengi launaða vinnu og hér á landi, sem gæfi þeim verulega lífsfyllingu, auk þess sem það væri þjóðhagslega hagkvæmt fyrir þjóðarþúíð.

Landssamtök lífeyrissjóða væru því fylgjandi öllum þeim breytingum í þjóðfélaginu sem hefðu það í för með sér að skapa þannig aðstæður að eldra fólk gæti unnið launaða vinnu, eins lengi og heilsa og kraftar leyfðu, hvort sem um væri að ræða fullt starf eða hlutastarf.

BREYTING Á LÖGUM UM LÍFEYRISSJÓÐ BÆNDA.

Breytingarnar fólu í sér að sníða af ýmsa vankanta sem eru á núverandi framkvæmd á innheimtu iðgjalds til lífeyrissjóðs bænda.

Landssamtök lífeyrissjóða töldu að með samþykki frumvarpsins yrði innheimta á iðgjöldum til lífeyrissjóðs bænda gerð skilvirkari en verið hefði og lögðu til að frumvarpið yrði samþykkt, enda hefði náðst almennt samstaða um efni frumvarpsins milli þeirra hagsmunaaðila, sem málið varðar.

FRUMVARP TIL LAGA UM VEXTI OG VERÐTRYGGINGU.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að aðilar semji um ákveðna vexti sín á milli en noti ekki almennar viðmiðanir við vexti á markaðnum eins og nú tíðkast, t.d. meðalársávöxtun á nýjum almennum útlánum hjá bönkum og sparisjóðum. Lagt væri til að í stað þess að reikna út og birta meðalvexti banka og sparisjóða sem aðilar gætu notað í viðskiptum sín á milli yrði Seðlabankanum falið að birta vexti sem



tækju mið af lægstu vöxtum nýrra útlána viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana, þ.e. þeim vöxtum sem lánastofnanir bjóði lánþegum sem þeir telja trausta. Í bráðabirgðaákvæðum væri hins vegar gert ráð fyrir því að hægt væri að bæta við ákveðnu vaxtaálagi á lægstu vexti.

Landssamtök lífeyrissjóða töldu sig ekki hafa nægjanlegar forsendur til að meta það, hvort ofangreind ákvæði frumvarpsins hafi eða gætu haft áhrif á þá vexti, sem viðkomandi lífeyrissjóðir innheimtu af einstökum lánssamningum, t.d. af sjóðfélagalánum. Miðað við þá miklu hagsmuni sem væru í húfi lýstu Landssamtök lífeyrissjóða því yfir að eðlilegra hefði verið að samtökin hefðu átt þess kost að taka beinan þátt í störfum þeirrar nefndar sem vann að endurskoðun vaxtalaganna. Samtökin töldu einnig að sá tímafrestur, sem gefinn var af efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis til að skila inn umsögn um frumvarpið væri alltof naumur miðað við umfang málsins.

Þá töldu samtökin óeðlilegt að Seðlabanki Íslands ætti einungis að birta vexti sem tækju mið af lægstu vöxtum nýrra útlána viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana, ekki síst með hliðsjón af því að þessi vaxtakjör væru almennt ekki í boði fyrir lán-takendur. Eðlilegra væri að Seðlabankinn birti áfram upplýsingar um meðalársávöxtun af nýjum útlánum banka og sparisjóða og að bankanum yrði sköpuð betri aðstaða til að velja vogir til að reikna út meðalvextina.

Að lokum ítrekuðu Landssamtök lífeyrissjóða þá skoðun sína að nauðsynlegt væri í svo stóru máli sem þessu og sem varða svo mikla hagsmuni að nægjanlegur tími hefði verði gefinn til frekari kynningar og athugasemda, bæði af hálfu samtakanna, svo og þeirra sjóða sem að þeim standa.

AÐILDARSJÓÐIR LANDSSAMTAKA LÍFEYRISSJÓÐA

Aðildarsjóðir	Hrein eign 31.12.1999 þús. króna	Hlutfall af heild í %
Lsj. verzlunarmanna	75.604.041	14,95%
Lsj. starfsmanna ríkisins	61.105.844	12,08%
Lífeyrissjóðurinn Framsýn	45.578.663	9,01%
Sameinaði lífeyrissjóðurinn	39.546.394	7,82%
Lífeyrissjóður sjómanna	38.938.963	7,70%
Lífeyrissjóður Norðurlands	18.733.052	3,70%
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	17.707.301	3,50%
Lsj. bankamanna	17.152.927	3,39%
Samvinnulífeyrissjóðurinn	14.568.855	2,88%
Lífeyrissjóðurinn Lífiðn	14.543.968	2,88%
Lífeyrissjóður Austurlands	13.468.985	2,66%
Lífeyrissjóður Vestfirðinga	12.158.485	2,40%
Lífeyrissjóður bænda	11.379.958	2,25%
Lífeyrissjóður lækna	11.378.548	2,25%
Lsj. verkfræðinga	10.308.089	2,04%
Lífeyrissjóður Suðurnesja	9.696.067	1,92%
Lífeyrissjóður Vestmannaeyja	9.454.708	1,87%
Frjálsi lífeyrissjóðurinn	7.464.142	1,48%
Lífeyrissjóður Vesturlands	6.900.107	1,36%
Almennur lífeyrissjóður VÍB	6.617.627	1,31%
Lsj. hjúkrunarfræðinga	6.319.783	1,25%
Eftirlaunasjóður F.Í.A.	6.153.905	1,22%
E. starfsmanna Búnaðarbanka Ísl.	5.978.914	1,18%
Lífeyrissjóðinn Eining	5.440.357	1,08%
Lífeyrissjóð Suðurlands	4.935.652	0,98%
Íslenski lífeyrissjóðurinn	3.322.551	0,66%
Lsj. starfsmanna Reykjavíkurborgar	3.004.879	0,59%
Lífeyrissjóðurinn Hlíf	2.873.726	0,57%
Lífeyrissjóður KEA*	2.843.558	0,56%
Lífeyrissjóður Eimskipafélags Ísl.	2.734.931	0,54%
Lífeyrissjóður Bolungarvíkur	1.969.066	0,39%
Lsj. Flugvirkjafélags Íslands	1.941.745	0,38%
Lífeyrissjóður Rangæinga	1.645.907	0,33%
Lífeyrissjóður blaðamanna*	1.536.426	0,30%
Eftirlaunasj. Slökkvil.m. á Keflav.flugv.	1.508.002	0,30%
Lsj. starfsmanna Kópavogskaupstaðar	1.254.878	0,25%
Lsj. Mjólkursamsölunnar	1.158.585	0,23%
Eftirlaunasjóður starfsmanna Hafnarfj.	1.144.351	0,23%
Lsj. Tannlæknafélags Íslands	1.071.768	0,21%
Séreignalífeyrissjóðurinn	1.033.816	0,20%
Lsj. starfsmanna Akureyrarbæjar	986.070	0,19%
Lsj. verkafólks í Grindavík*	960.044	0,19%
Lsj. Akraneskaupstaðar	712.937	0,14%
Eftirlaunasjóður Sláturfélags Suðurlands	663.862	0,13%
Lsj. starfsmanna sveitarfélaga	575.843	0,11%
E. starfsmanna Ólíuverzlunar Íslands	573.198	0,11%
Lsj. stm. Áburðarverksm. ríkisins	460.896	0,09%
Eftirlaunasjóður Reykjanesbæjar	448.141	0,09%
Lífeyrissjóð Neskaupstaðar	163.390	0,03%
Lsj. starfsmanna Vestmannaeyjarbæjar	88.750	0,02%
Samtals í LL	505.812.655	100,00%

* Lífeyrissjóður KEA hefur sameinast Lífeyrissjóði Norðurlands. Lífeyrissjóður blaðamanna hefur sameinast Lífeyrissjóði verzlunarmanna og Lífeyrissjóður verkafólks í Grindavík hefur sameinast Lífeyrissjóði Suðurnesja.



LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA ÁRSREIKNINGUR 2000



SKÝRSLA OG ÁRITUN STJÓRNENDA Á ÁRSREIKNINGINN

Landssamtök lífeyrissjóða voru stofnuð 18. desember 1998 og hófu starfsemi í ársbyrjun 1999. Landssamtök lífeyrissjóða yfirtóku starfsemi Landssambands lífeyrissjóða og Sambands almennra lífeyrissjóða. Aðild að samtökunum eiga þeir sjóðir sem áttu aðild að samböndunum, ásamt flestum öðrum starfandi lífeyrissjóðum í landinu. Landssamtökum lífeyrissjóða er ætlað að vera málsvari lífeyrissjóða og gæta hagsmuna sjóðfélaga þeirra.

Ársreikningur Landssamtaka lífeyrissjóða er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Samkvæmt rekstrarreikningi námu rekstrartekjur 21,6 millj. kr. og hagnaður af rekstrinum var 2,0 millj. kr. Eigið fé í árslok nam 25,6 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi, en eigið fé í ársbyrjun var 22,6 millj. kr.

Stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning þeirra fyrir árið 2000 með undirritun sinni.

Reykjavík, 27. mars 2001.

Stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða:

Þórir Hermannsson

Haukur Hafsteinsson

Þórunn Sveinbjörnsdóttir

Arnar Sigurmundsson

Árni Guðmundsson

Friðbert Traustason

Margeir Daníelsson

Víglundur Þorsteinsson

Gunnar Baldvinsson

Framkvæmdastjóri:

Hrafn Magnússon



ÁRITUN ENDURSKOÐENDA

Stjórn og aðildarsjóðir Landssamtaka Lífeyrissjóða.

Við höfum endurskoðað ársreikning Landssamtaka Lífeyrissjóða fyrir árið 2000. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar nr. 1 - 9. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum samtakanna og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að leitt sé í ljós að ársreikningurinn sé í meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur meðal annars í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Landssamtaka Lífeyrissjóða á árinu 2000, efnahag þeirra 31. desember 2000 og breytingu á handbæru fé á árinu 2000, í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, 27. mars 2001.

Sæmundur Valdimarsson

KPMG Endurskoðun hf.

REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2000

	Skýr.	2000	1999
REKSTRARTEKJUR:			
Árgjöld	3	21.303.733	18.106.909
Söluhagnaður		282.983	0
		<u>21.586.716</u>	<u>18.106.909</u>
REKSTRARGJÖLD:			
Laun og launatengd gjöld	8	10.674.968	10.145.872
Annar rekstrarkostnaður	9	9.887.553	7.751.316
Afskriftir	4	625.961	427.659
		<u>21.188.482</u>	<u>18.324.847</u>
Rekstrarhagnaður (-tap) án fjármunatekna og fjármagnsgjalda		398.234	(217.938)
FJÁRMUNATEKJUR OG (FJÁRMAGNSGJÖLD):			
Vaxtatekjur		2.540.309	2.030.832
Arður og söluhagnaður eignarhluta		0	204.588
Vaxtagjöld		(41.114)	(22.966)
Reiknuð gjöld vegna verðlagsbreytinga	2	(869.186)	(1.032.473)
		<u>1.630.009</u>	<u>1.179.981</u>
Hagnaður	6,7	<u>2.028.243</u>	<u>962.043</u>



EFNAHAGSREIKNINGUR

EIGNIR

	Skýr.	2000	1999
FASTAFJÁRMUNIR:			
Varanlegir rekstrarfjármunir			
Bifreið		2.427.308	950.463
Áhöld, innréttingar og tölvubúnaður		917.237	281.630
	4	<u>3.344.545</u>	<u>1.232.093</u>
Áhættufjármunir:			
Hlutabréfaeign	5	618.921	594.115
		<u>3.963.466</u>	<u>1.826.208</u>
VELTUFJÁRMUNIR:			
Skammtímakröfur		644.660	826.398
Handbært fé		23.358.234	22.298.357
		<u>24.002.894</u>	<u>23.124.755</u>
Eignir samtals		<u><u>27.966.360</u></u>	<u><u>24.950.963</u></u>

31. DESEMBER 2000

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ

	Skýr.	2000	1999
Eigið fé	6,7	<u>25.576.728</u>	<u>22.569.372</u>
SKAMMTÍMASKULDIR:			
Ýmsar skammtímaskuldir		<u>2.389.632</u>	<u>2.381.591</u>
	Skuldir samtals	<u>2.389.632</u>	<u>2.381.591</u>
	Skuldir og eigið fé samtals	<u><u>27.966.360</u></u>	<u><u>24.950.963</u></u>



YFIRLIT UM SJÓÐSTREYMI ÁRIÐ 2000

	Skýr.	2000	1999
REKSTRARHREYFINGAR:			
Hagnaður ársins	6	2.028.243	962.043
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	4	625.961	427.659
Söluhagnaður		(282.983)	(176.299)
Reiknuð gjöld vegna verðlagsbreytinga	2	869.186	1.032.473
		<u>3.240.407</u>	<u>2.245.876</u>
Veltufé frá rekstri			
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun)		181.738	(826.398)
Skammtímaskuldir, hækkun		8.041	2.381.591
		<u>189.779</u>	<u>1.555.193</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum			
		<u>3.430.186</u>	<u>3.801.069</u>
FJÁRFESTINGARHREYFINGAR:			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjárumunum		(3.490.309)	(183.801)
Söluverð rekstrarfjármuna		1.120.000	0
Söluverð hlutabréfa		0	1.032.170
		<u>(2.370.309)</u>	<u>848.369</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
FJÁRMÖGNUNARHREYFINGAR:			
Innborgað stofnfé		0	17.648.919
		<u>0</u>	<u>17.648.919</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Hækkun á handbæru fé		1.059.877	22.298.357
Handbært fé í ársbyrjun		<u>22.298.357</u>	<u>0</u>
Handbært fé í árslok		<u>23.358.234</u>	<u>22.298.357</u>

SKÝRINGAR

REIKNINGSSKILAÆFERÐIR

1. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðu-reikninga.
2. Áhrif almennra verðlagsbreytinga á rekstur og fjárhagsstöðu félagsins eru reiknuð og færð í ársreikninginn miðað við hækkun vísitölu neysluverðs innan ársins, sem var 4,2%.

Varanlegir rekstrarfjármunir og eignarhlutir í félögum eru endurmetnir með því að framreikna upphaflegt stofnverð þeirra og afskriftir til ársloka 2000. Afskriftir eru færðar til gjalda á meðalverðlagi ársins. Áhrif verðlagsbreytinga á peningalegar eignir og skuldir eru reiknuð og færð í ársreikninginn og mynda reiknuð gjöld vegna verðlagsbreytinga að fjárhæð 0,9 millj. kr. Endurmatsbreytingarnar hafa þau áhrif að fjárhæðir í efnahagsreikningi eru á verðlagi í árslok og rekstrarárangur ársins á meðalverðlagi.

Endurmatshækkun eigna og verðbreytingarfærsla eru færð í endurmatsreikning meðal eigin fjár í efnahagsreikningi, sbr. skýringu 6.

3. Árgjöld aðildarsjóðanna á árinu eru miðuð við iðgjaldtekjur þeirra á árinu 1999. Árgjöldin eru 0,075% af lágmarksiðgjöldum sjóðanna. Þeir sjóðir sem taka ekki lengur við iðgjöldum greiða 0,0035% af hreinni eign í árslok 1999.

VARANLEGIR REKSTRARFJÁRMUNIR

4. Varanlegir rekstrarfjármunir, endurmat þeirra og afskriftir, sem reiknaðar eru sem fastur árlegur hundraðshluti, greinast þannig:

	Bifreið	Áhöld, inn- réttingar og tölvubúnaður	Samtals
Bókfært verð 1.1.2000	950.463	281.630	1.232.093
Viðbót á árinu	2.697.588	792.721	3.490.309
Selt á árinu	(837.017)	0	(837.017)
Endurmat á árinu	66.222	18.899	85.121
Afskrifað á árinu	(449.948)	(176.013)	(625.961)
Bókfært verð 31.12.2000	<u>2.427.308</u>	<u>917.237</u>	<u>3.344.545</u>
Afskriftahlutföll	20%	20-33%	

ÁHÆTTUFJÁRMUNIR

5. Hlutabréfaeign er færð á framreiknuðu kostnaðarverði. Félagið á 11,3% hlutfjár í Eignarhaldsfélagi lífeyrissjóða um verðbréfaþing ehf.



SKÝRINGAR, FRH.:

EIGIÐ FÉ

6. Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum:

	Stofnfé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2000	21.580.309	989.063	22.569.372
Hagnaður ársins		2.028.243	2.028.243
Endurmatshækkun varanlegra rekstrarfjármuna		85.121	85.121
Endurmatshækkun hlutabréfaeignar		24.806	24.806
Reiknuð gjöld vegna verðlagsbreytinga		869.186	869.186
Endurmat stofnfjár	901.034	(901.034)	
Eigið fé 31.12.2000	<u>22.481.343</u>	<u>3.095.385</u>	<u>25.576.728</u>

7. Eigið fé samtakanna í ársbyrjun nam 22,6 millj. kr. sem jafngildir 23,5 millj. kr. í lok ársins miðað við 4,2% verðlagsbreytingu innan ársins. Samkvæmt efnahagsreikningi er eigið fé 25,6 millj. kr. í árslok eða 2,1 millj. kr. hærra en í ársbyrjun miðað við verðlag í árslok 2000. Breytingin greinist þannig:

	Samkvæmt ársreikningi	Á verðlagi 31.12.2000
Eigið fé 1.1.2000	22.569.372	23.511.701
Hagnaður ársins	2.028.243	2.065.027
Endurmat eigna að viðbættri verðbreytingarfærslu	979.113	
Eigið fé 31.12.2000	<u>25.576.728</u>	<u>25.576.728</u>

SUNDURLIÐANIR

8. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2000	1999
Laun	8.870.172	8.480.172
Tryggingagjald	523.754	534.514
Lífeyrisiðgjöld	1.118.753	1.047.576
Tryggingar starfsfólks	162.289	83.610
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>10.674.968</u>	<u>10.145.872</u>

Á árinu starfaði einn starfsmaður hjá Landssamtökum lífeyrissjóða. Laun stjórnar og framkvæmdastjóra námu 8,9 millj. kr. á árinu.

SKÝRINGAR, FRH.:

9. Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:	2000	1999
Húsaleiga	499.523	259.757
Annar húsnæðiskostnaður	177.111	272.903
Pappír, prentun, ritföng	830.456	1.104.435
Símakostnaður	143.783	70.886
Burðargjöld	88.845	53.810
Bækur, blöð og tímarit	190.364	195.222
Aðkeypt þjónusta	1.347.262	556.391
Sérfræðiþjónusta	2.119.640	1.792.230
Rekstur bifreiðar	472.790	479.584
Ferðakostnaður	277.487	161.323
Fundir, ráðstefnur, námskeið	1.024.603	692.642
Fræðslumál	1.965.901	1.606.725
Auglýsingar	180.606	38.615
Félagsgjöld	363.043	376.586
Annar kostnaður	206.139	90.207
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>9.887.553</u>	<u>7.751.316</u>

